

Hjalti Steinþórsson lögmaður

Lagastafir slf.

Bæjarlind 4,
201 Kópavogi.

Skeiða- og Gnúpverjahreppur

Árnesi

804 Selfoss

Kópavogi 17. 10. 2019.

Efni. Umsókn um byggingarleyfi fyrir fjósi í Haga.

Til mín hafa leitað forsvarmenn einkahlutafélagsins Hagignúpur ehf. kt. 680613-1410, eiganda jarðarinnar Haga í Gnúpverjahreppi og leitað eftir aðstoð við að svara erindi skipulagsnefndar uppsveita Árnessýslu í bókun 14. ágúst sl. þar sem óskað er eftir viðbrögðum umbj. míns við innsendum athugasemdum sem bárust um umsókn hans um byggingu fjóss á jörðinni í kjölfar grenndarkynningar sem send var nágrönnum 4. júlí sl. með athugasemdafresti til 4. ágúst sl. Hefur umbj. minn frá þeim tíma leitað leiða til að ná sátt við nágranna um byggingu fjóssins en tilraunir til þess hafa ekki borið árangur.

Ég hefi í dag sent skipulagsnefnd meðfylgjandi bréf þar sem lýst er viðbrögðum umbj. míns við framkomnum athugasemdum. Sendi ég bréfið ásamt fylgiskjölum hér með til sveitarstjórnar til að hún geti verið búin að kynna sér sjónarmið umbj. míns þegar málið kemur til afgreiðslu hennar, sem vonand verður í kjölfar næsta fundar skipulagsnefndar.

Það er von mín sveitarstjórn fallist á erindi umbjóðanda míns og að málið verði afgreitt svo fljótt sem kostur er.

Virðingarfyllst,


Hjalti Steinþórsson lögmaður